



Dagsetning: ágúst 23, 2021

Efni: Yfirlýsing ÍTF vegna sóttvarna á kappleikjum

Kæru viðtakendur.

ÍTF hefur tekið virkan þátt í þeim aðgerðum sem beitt hefur verið gegn veirunni frá því hún skaut upp kollinum hér á landi. Nú er hinsvegar komið að ákveðnum þáttaskilum í baráttunni hérlendis þar sem verið er að skipuleggja aðgerðir til lengri tíma. Líkt og bent hefur verið á hefur þekking á hegðun veirunnar aukist auk þess sem bólusetning er orðin almenn. Í þessu ljósi telur ÍTF tímabært að endurskoða þær reglur sem í gildi eru varðandi framkvæmd kappleikja enda standist sum ákvæði þeirra vart skoðun og eru auk þess í ósamræmi við almennar reglur sem í gildi eru í samfélaginu.

Stjórn ÍTF telur að núverandi regluverk stjórnvalda þrengi um of að framkvæmd knattspyrnuleikja. Takmarkanir séu of miklar og að fyrir þeim skorti rökstuðning. Einnig gæti mikils ósamræmis við reglur sem viðhafðar eru annarstaðar í samfélaginu t.d. er varðar veitingasölu. Stjórn telur að svigrúm sé til staðar til þess að heimila fleiri en 200 manns í hverju sóttvarnarhólfi ef rétt er að málum staðið. Það er með öllu óásættanlegt að una við þessar takmarkanir sem og að ekki sé á neinn hátt tekið tillit til hvort um sé að ræða kappleik sem fram fer undir berum himni eða innandyra. Til stuðnings málflutningi sínum bendir ÍTF á framkvæmd leikja erlendis, t.d. á Norðurlöndum þar sem leyfilegt er að selja í öll sæti á vellinum að því gefnum að einstaklingurinn sé með bólusetningarvottorð.

ÍTF tekur undir það „ákall“ sem samráðshópur íslenskrar tónlistar sendi á stjórnvöld fyrir stuttu, þar sem m.a. kemur fram að heimildir fáið fyrir allt að 500 manns í hverju sóttvarnarhólfi. Það þarf að finna leiðir til að lifa með veirunni og halda íþróttá- og menningarlífi gangandi.

ÍTF telur það mjög mikilvægt að við finnum leiðir til að halda íþróttastarfi með eðlilegasta hætti á þessum COVID tímum. Það gerum við með regluverki sem er innan skynsamlegra marka og leggjum því til eftirfarandi:

- Heimila veitingasölu á leikjum þar sem stjórnvöld hafa ekki sýnt fram á hvað ástæða liggur að baki þess að leyfa það ekki. Dæmi er um að fólk yfirgefi leikvelli í hálfleik og safnist saman í næstu verslun óháð því hvaða sóttvarnarhólfi það er í. Við teljum okkur geta boðið betur með því að hafa sér veitingasölu fyrir hvert hólf og því minni hættu á smit færast á milli sóttvarnarhólfa.
- Fjölga hólfum og hafa lágmark 500 per hólf. Okkar íþrótt er spiluð utandyra og ætti ekki að vera sett undir sama hatt og viðburðir innandyra. Mannvirkin eru mismunandi en geta langflest leikandi tekið við fleira fólkum án þess að 1 metra reglan sé brotin.
- Þá viljum við einnig hvetja stjórnvöld til þess að innleiða COVID hraðpróf eins og víða þekktist í löndunum í kringum okkur. Með því að nota hraðpróf gætu allir þeir sem halda viðburði á Íslandi (íþróttakappleikir, tónleikar, leikhús ofl.) krafið gesti sína um neikvæða niðurstöðu sem ekki mætti vera eldri en 48 klst gömul, ásamt því að sýna vottorð um bólusetningu. Með þessu móti getum við notið íþróttá og menningar, sem er svo mikilvægur þáttur í tilveru margra Íslendinga, á eins öruggan máta og kostur er og reynt að lifað með veirunni.
- Þá leggjum við til að grímuskylda sé afnumin á kappleikjum sem fara fram undir berum himni. ÍTF telur það í meira lagi furðulegt að íþróttir sem fara fram utandyra lúti sömu reglum og þær sem fara fram innandyra svo ekki sé hardar að orði kveðið. Eins og komið hefur fram í okkar málflutningi geta félög undir hatti ÍTF tryggt 1 metra reglu á milli ótengdra aðila og því ekki þörf á notkun grímu.

Með kveðju,

Stjórn Íslensk Toppfótbolta